

Mál nr. 310/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 29. september 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Tölvupóstur V dags. 14. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi slasast þann 26. nóvember 2019 er bifreiðinni A var ekið utan í hann er hann gekk yfir gatnamót á grænu umferðarljósi. Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu skall hliðarspegill bifreiðarinnar í maga M með þeim afleiðingum að hann brotnaði. M leitaði samdægurs á slysadeild Landspítalans og var þar greindur með mar á kviðvegg. Þann 30. júlí 2020 tilkynnti M líkamstjón sitt til V sem samþykkti bótaskyldu vegna atviksins með tölvubréfi dags. 31. júlí 2020. Ágreiningur er milli aðila um það hvort af slysinu hafi hlotist varanlegar afleiðingar. M kveðst ekki hafa neina fyrri sögu um áverka á kvið eða kviðverki og telur læknisfræðileg gögn bera með sér að hann hafi enga fyrri áverka á vinstri ökkla. M byggir á því að fyrir liggja sönnun í læknisfræðilegum gögnum um að hann sé með varanlegar afleiðingar eða hann hafi a.m.k. leitt að því nægar líkur að hann sé með varanlegar afleiðingar vegna umferðarslyss er hann var fyrir þann 26. nóvember 2019. Hann sé enn að kljást við afleiðingar umferðarslyssins, tæplega þremur árum síðar og því einsýnt að M sé með varanlegar afleiðingar.

V óskar eftir að máli þessu verði vísað frá nefndinni og vísar til þess að ágreiningur heyri ekki undir starfssvið nefndarinnar skv. 3. gr. samþykktu hennar enda hafi bótaskylda þegar verið viðurkennd. Félagið telur ómögulegt að slysið hafi valdið M tímabundnum eða varanlegu líkamstjóni og hefur því ekki viljað standa að mati á meintum afleiðingum slyssins. Telur M að M sé í lófa lagið að afla mats á meintum afleiðingum slyssins utan réttar, láta dómkveðja matsmenn eða leita til Örorkunefndar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að V hafni því að M eigi rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A á þeim grundvelli að orsakatengsl séu ekki til staðar milli líkamlegra einkenna M og slyssins þann 26. nóvember 2019. Með vísan til þess verður ekki fallist á frávísun málsins á grundvelli þágildandi 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005.

Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M ber sönnunarbyrði um að hann hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Af þeim læknisfræðilegu gögnum sem liggja fyrir nefndinni má ráða að M hefur allt frá slysdegi kvartað undan verkjum í kvið og vinstri ökkla. Hefur hann leitað þrisvar sinnum á heilsugæslu eftir slysið, farið í ómskoðun, sjúkraþjálfun og í skoðun til skurðlæknis til nánara mats. Við skoðun hjá skurðlækni var M aumur í kviðnum eftir áverka og taldi skurðlæknirinn að þessi einkenni tengdust ekki kviðsliti sem greindist í ómskoðun þann 21. janúar 2021. Fékk M því almennar ráðleggingar og ráðleggingar um sjúkraþjálfun. Við skoðun hjá heimilislækni þann 15. október 2021 greinist M enn og aftur með eymsli yfir hægri efri fjórðungi kviðar líkt og áður. Var það mat heimilislæknis að líklegast væri þetta mataræðistengd vandamál og að ólíklegt væri að þessi einkenni tengdust umræddu slysi. Þrátt fyrir mat heimilislæknis að einkenni M frá kvið tengist líklega mataræði þá hefur ekki verið útilokaða að einkenni hans, sem hafa verið stöðug allt frá slysdegi, tengist umferðarslysinu þann 26. nóvember 2019. Um er að ræða sértæk einkenni sem ekki voru til staðar fyrir slysið. Verður þannig að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þó ekki liggja fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 15. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir